

**Ed.**

**386. Nefndarálit**

[139. mál]

um frv. til laga um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, viljum samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum.

Meginatriði þessa frumvarps virðast vera:

Að ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema óhjákvæmi-legt sé vegna staðhátta eða annarra brýnna ástæðna.

Að lagaskylda ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins verði afnumin.

Að ráðherra hafi ákvörðunarvald um, hvaða íbúðarhúsnæði skuli byggt fyrir starfsfólk, sem undir hans ráðuneyti heyrir.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum ekki rétt, eins og nú háttar til, að afnema lagaskyldu ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði, nema á þéttbýlissvæðum, t. d. á þéttbýlissvæði Reykjavíkur, og ef til vill á Akureyri og næsta nágrenni.

Á undanförnum árum hefur það verið eitt af meiri háttar vandamálum dreifbýlisins, að embættismenn vildu ekki setjast þar að. Má þar nefna lækna, presta, dýralækna og jafnvel dómara. Þetta vandamál snertir yfirleitt alla landsbyggðina, og þess vegna teljum við það ekki tímabært, eins og nú háttar til, að afnema lagaskyldu ríkisins í sambandi við byggingu embættisbústaða úti á landi. Og enda þótt frumvarp það, sem hér liggur fyrir, geri ráð fyrir, að lagaskyldan verði afnumin, er það þó í rauninni viðurkennt í frumvarpinu, að ekki verði komið hjá því, að ríkið byggi framvegis og eigi embættisbústaði úti á landi. En í stað lagaskyldunnar komi ákvörðun ráðherra hverju sinni. Við teljum ástæðulaust, að ráðherra — eða embættismenn í umboði hans — hafi um þetta lokaorðið, heldur verði lagaskyldan ótvíræð, en jafnframt verði kveðið á um það í lögnum sjálfum, hvaða staðir eða þéttbýlissvæði það séu, þar sem lagaskyldan um byggingu embættisbústaða fellur niður.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði gildandi laga um embættisbústaði skulu haldast utan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur myndast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.

2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 12. gr. Greinin falli niður.
4. Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Alþingi, 15. marz 1968.

Bjarni Guðbjörnsson, Einar Ágústsson.  
frsm.